

Skýrsla stjórnar Félags um fötlunarrannsóknir, FuF

Lögð fram á aðalfundi 11. nóvember 2016

FuF, Félag um fötlunarrannsóknir

Félag um fötlunarrannsóknir var stofnað í Reykjavík þann 23. nóvember árið 2006 og er því tíu ára gamalt í ár. Á stofnfundi voru samþykkt lög fyrir félagið, kosin sjö manna stjórn og tveir skoðunarmenn reikninga. Samkvæmt lögum félagsins er aðalfundur þess haldinn annað hvert ár. Síðasti aðalfundur var haldinn að Grand Hóтели, Reykjavík þann **XXX.XXX 2014**.

Markmið félagsins er að efla rannsóknir og þróunarstarf í málefnum fatlaðs fólks, skapa vettvang fyrir fræðilega og faglega umræðu, stuðla að aukinni þekkingu og færni á sviði fötlunarrannsókna, skapa vettvang fyrir rannsóknir og efla samstarf milli fatlaðs fólks og fræðasamfélagsins. Til að ná þessum markmiðum hefur félagið staðið fyrir eða átt þátt í að halda fyrirlestra, málþing, ráðstefnur og námskeið um rannsóknir á sviði fötlunarfræða og staðið fyrir fræðilegri umræðu um málefni fatlaðs fólks.

Stjórn

Stjórn félagsins var kjörin á aðalfundi 2014. Í stjórninni sitja eftirtalin: Formaður er Hanna Björg Sigurjónsdóttir prófessor við Háskóla Íslands. Aðrir stjórnarmenn eru Snæfríður Þóra Egilson prófessor í fötlunarfræði við Háskóla Íslands sem er gjaldkeri stjórnar, Guðrún V. Stefánsdóttir dósent við Menntavísindasvið sem er ritari stjórnar, Birna Bergsdóttir kennari, Eva Þórdís Ebenezardóttir verkefnastjóri rannsóknarseturs í fötlunarfræðum, Bergvin Oddsson, BA stjórn málafræði og Ólafur Aðalsteinsson, starfsmaður í Hinu Húsinu.

Starfsemi félagsins

Á þessu kjörtímabil hefur starf stjórnar félagsins fyrst og fremst snúið að undirbúningi þessarar ráðstefnu.

Forgangsverkefni Frá upphafi félagsins hefur verið lögð mikil áhersla á það í starfi félagsins að efla samstarf milli fræðimanna og samtaka fatlaðs fólks og stuðla að fjölgun fatlaðra fræðimanna. Að auki hefur áhersla verið á að stuðla að rannsóknum, umræðu og fræðslu um nýjar hugmyndir og hugmyndafræði. Þar ber hæst umfjöllun um þann skilning á fötlun sem liggur til grundvallar Samningi Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Stjórn FuF hefur verið mikilvægur samráðsvettvangur fræðimanna og fatlaðs fólks og hefur stjórnarfólk frá upphafi tekið virkan þátt í þeim atburðum, fyrirlestrum, málþingum og ráðstefnum, sem hafa verið haldnir um málefni fatlaðs fólks auk þess að hafa haft forgöngu um rannsóknir á þessu sviði.

Félagar

Skráning í félagið fer fram á heimasíðu þess. Heimasíðan hefur nú legið niðri um hríð en unnið er að uppfærslu hennar. Við uppfærslu hennar er tekið mið af systursamtaka félagsins á Norðurlöndum. Félagar FuF eru tæplega 200 talsins. Þetta er fjölbreyttur hópur fræðimanna, fatlaðs fólks og aðstandenda þeirra, háskólanema, stjórnarsýslufólks, fagfólks og annarra sem láta sig málefni fatlaðs fólks varða og hafa áhuga á fötlunarrannsóknum.

Fjárhagur félagsins

Ekki eru innheimt félagsgjöld og félagið hefur því ekki haft neinar fastar tekjur. Félagið á engar eignir. Ráðstefnur FuF hafa verið haldnar með styrk frá ýmsum aðilum auk þess sem ráðstefnugjöld hafa verið innheimt. Til að félagið geti haldið úti öflugri starfsemi er mikilvægt að það hafi tekjur til að standa straum af ýmsum kostnaði sem tengdur er starfseminni svo sem vegna þátttöku í norrænu samstarfi, komu erlendra fyrirlesara, og vegna málþinga, ráðstefnuhalds, útgáfu og viðhalds vefsíðu.

Vegna aðstæðna í íslensku samfélagi stuttu eftir hrun árið 2009 þegar undirbúningur FuF hófst fyrir NNDR ráðstefnuna sem haldin var hér á landi 2011 var mikil óvissa um þróun efnahagsmála, gjaldreyrisskráningu og stöðu fjármála almennt. Þessi þróun snerist þó félaginu í hag. Ástæðan var sú að tekjur ráðstefnunnar voru í Evrum en útgjöld fyrst og fremst í íslenskum krónum. Styrking Evrunnar á kostnað krónunnar gerði það að verkum að talsverður og óvæntur hagnaður varð á ráðstefnunni. Mikil aðsókn að ráðstefnunni erlendis frá stuðlaði jafnframt að þessari jákvæðu útkomu. Félagið býr að þessu og hefur getað notað þetta fjármagn til að standa undir kostnaði við rekstur félagsins sem felst aðallega í norrænu samstarfi, ráðstefnuhaldi, námskeiðum, málþingum. Við höfum lagt áherslu á að fara sparlega með þessa inneign því undirbúningur næstu NNDR ráðstefnu sem haldinn verður á landi 2021 er kostnaðarsamur og því mikilvægt að félagið sé undir þann kostnað búinn.

Skoðunarmenn reikninga, fyrst kjörin á aðalfundi 2008 og aftur á aðalfundi 2010, 2012, 2014 og 2016 eru Guðríður Ólafsdóttir fyrrum félagsmálafulltrúi Öryrkjabandalags Íslands og Vilhjálmur Bjarnason alþingismaður. Þau hafa farið yfir reikninga ársins 2014 og 2015 og undirritað þá.

Samstarf við NNDR, Nordic Network on Disability Research

Félag um fötlunarrannsóknir er aðili að norrænum samtökum á sviði fötlunarrannsókna, NNDR, Nordic Network on Disability Research. Fulltrúi Íslands í stjórn NNDR undanfarin 2 ár er Hanna Björg Sigurjónsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands. Guðrún V. Stefánsdóttir er varamaður hennar. NNDR heldur ráðstefnur annað hvert ár. Næsta ráðstefna verður haldin í Örebro í Svíþjóð 3. – 5. maí 2017. NNDR gefur út fræðitímaritið SJDR, *Scandinavian Journal of Disability Research* og heldur úti vefsíðu <http://nndr.org> FuF hefur haft mikinn styrk af samstarfinu við NNDR.

Ráðstefna FuF um fötlunarrannsóknir 2016

Eitt helsta viðfangsefni félagsins, sem kveðið er á um í lögum þess, er að halda ráðstefnur um fötlunarrannsóknir hér á landi annað hvert ár. Fyrsta ráðstefna félagsins var haldin í apríl 2008. Ráðstefnan á Grand Hótel Reykjavík 11. nóvember 2016 er því fimmta viðamikla ráðstefnan sem félagið stendur fyrir. Ráðstefnan er haldin í samstarfi við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands. Í ár er þema ráðstefnunnar Daglega lífið: fjölskyldulíf og sjálfræði. Þetta þema er sérlega viðeigandi í ár. Ráðstefnan FuF í ár er sú fyrsta sem stjórn félagsins stendur fyrir eftir að Ísland fullgilti Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Það er afar mikilvægt að auka þekkingu og innsýn í daglegt líf fatlaðs fólks, rýna í þýðingu Sáttmálans og gæta þess að úrræði séu í anda hans.

Stjórn félagsins leggur mikla áherslu á það sem efst er á baugi hjá bæði fræðafólki og samtökum fatlaðs fólks, að kynna nýjar íslenskar rannsóknir og efla fræðilega þekkingu á málefnum sem varða fatlað fólk og réttindi þess.

Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands ávarpar ráðstefnuna. Aðalfyrirlesari er David McConnell prófessor við Alberta Háskóla í Kanada. Family and disability studies initiative
Erindi hans nefnist *Sustainable family care for children with disabilities* og fjallar um mikilvægan aðbúnað fjölskyldum fatlaðra barna.

Skráðir þátttakendur eru 102 talsins.
Fyrir hönd stjórnar Félags um fötlunarrannsóknir

Hanna Björg Sigurjónsdóttir